

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2002 frá 27. september 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/752/EB frá 17. október 2001 um breytingu á viðaukunum við ákvörðun ráðsins 97/101/EB um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi bætist við í lið 14b (ákvörðun ráðsins 97/101/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0752:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/752/EB frá 17. október 2001 (Stjtið. EB L 282, 26.10.2001, bls. 69).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/752/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 34 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2001, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 282, 26.10.2001, bls. 69.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.